

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 159/2015****2016/EES/69/30****frá 11. júní 2015****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1301/2014 frá 18. nóvember 2014 um tækniforskriftir um rekstrarsamhæfi að því er varðar „orkuundirkerfi“ járnbrautakerfisins í Sambandinu ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjttíð. ESB L 13, 20.1.2015, bls. 13.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XIII. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 37ag (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/284/EB) og lið 37dh (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/274/ESB):
„– **32014 R 1301**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1301/2014 frá 18. nóvember 2014 (Stjttíð. ESB L 356, 12.12.2014, bls. 179), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjttíð. ESB L 13, 20.1.2015, bls. 13.“
2. Eftirfarandi bætist við á eftir lið 37dm (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/880/ESB):
„37dm. **32014 R 1301**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1301/2014 frá 18. nóvember 2014 um tækniforskriftir um rekstrarsamhæfi að því er varðar „orkuundirkerfi“ járnbrautakerfisins í Sambandinu (Stjttíð. ESB L 356, 12.12.2014, bls. 179), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjttíð. ESB L 13, 20.1.2015, bls. 13.“

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi bætist við á eftir lið 7.4.2.11.1. í viðaukanum:

7.4.2.12 Sérstök einkenni norska kerfisins

7.4.2.12.1 Mat á nothæfri meðal spennu (6.2.4.1)

P-tilvik

Auk mats á nothæfri spennu samkvæmt málsgrein 15.4 í EN 50388:2012, er einnig heimilt að meta afkastagetu aflgjafans með:

- Samanburði við fyrri reynslu þar sem aflgjafalausnin hefur verið notið vegna sambærilegrar eða kröfuharðari lestaráætlunar. Eftirtaldir þættir skulu vera sambærilegir eða meiri:
 - fjarlægð að spennustýrðum teini (tíðnibreytir),
 - samviðnám loftstrengs með snertivírum.
- Gróft mat á $U_{\text{mean usefu}}l$ í einföldum tilvikum sem leiða til aukinnar viðbótargetu fyrir framtíðareftirspurn umferðar.“

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 356, 12.12.2014, bls. 179.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 1301/2014, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 13, 20.1.2015, bls. 13, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. júní 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júní 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.